

**Ed.**

**160. Frumvarp til laga**

[155. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

9. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1983) orðist svo:

Tekjur samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tl. þessa staflidar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum, áður en hann lætur af störfum vegna aldurs.

Menn, sem náð hafa 60 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa tölulidar við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er lagt til að menn sem láta af störfum fyrir aldurs sakir geti dregið að fullu frá skattskyldum tekjum sínum hreinar launatekjur sínar síðustu tólf starfsmánuðina. Það greiðslukerfi beinna skatta sem ríkir hér á landi skapar mönnum ætíð erfiðleika þegar tekjur minnka snögglega enda eru skattar greiddir ári eftir að þeirra tekna var aflað sem skattlagðar eru. Þessi vandamál verða ekki leyst almennt nema með upptöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda. Innan ramma núgildandi skattkerfis er þó unnt að draga úr þessu óhagræði með sérstökum frádráttar- eða ívilunarheimildum í algengustu tilvikum. Eitt þessara tilvika eru starfslok vegna aldurs. Fram til ársins 1983 gátu skattstjórar eftir umsókn gjaldanda lækkað tekjuskattsstofn hans þegar gjaldþol hans skertist við það að hann lét af störfum vegna aldurs. Á árinu 1983 var þessu fyrirkomulagi breytt og í stað ívilunarheimildarinnar kom réttur til frádráttar á helmingi hreinna launatekna síðustu tólf starfsmánuðina. Felst í frumvarpi þessu tillaga um að frádráttur þessi tvöfaldist og verði framvegis allar hreinar launatekjur síðustu tólf starfsmánuðina.

Í framtölum ársins 1984 nam heildarfrádráttur skv. 9. tl. A-liðs 30. gr. alls 101 564 445 kr. og var þessi frádráttarheimild nýtt af 943 framteljendum. Samkvæmt frumvarpinu mun frádráttur þessi tvöfaldast. Tekjutap ríkissjóðs við samþykkt þess yrði líklega um 30 millj. kr. á ári miðað við verðlag ársins 1984.